



Forsætisnefnd

Reykjavík, 15. apríl 2026

MSS26030041

hsg

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 14.4.2026 varðandi eftirfarandi mál:

**Tillaga borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur (óháðra) um tilnefningu áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd**

Lögð fram svohljóðandi tillaga óháða borgarfulltrúans Kjartans Magnússonar:

Við undirritaðir borgarfulltrúar höfum stofnað borgarstjórnarflokk óháðra og munum starfa innan hans út kjörtímabilið í samræmi við tilkynningu okkar til forsætisnefndar 9. mars 2026. Við leggjum því til að borgarstjórn samþykki að við fáum að tilnefna áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Lagt er til að Marta Guðjónsdóttir skipi sæti áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd. Lagt er til að Kjartan Magnússon skipi sæti varaáheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd.

Samþykkt með níu atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar Dóru Bjartar Guðjónsdóttur, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins Einars Þorsteinssonar og Árelíu Eyðísar Guðmundsdóttur, borgarfulltrúa Pírata, borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands Sönnu Magdalenu Mörtudóttur, borgarfulltrúa Flokks fólksins og Kjartans Magnússonar og Helga Áss Grétarssonar, óháðra borgarfulltrúa, gegn sjö atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar, Vinstri grænna og borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands, Andreu Helgadóttur.

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri, borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Sabine Leskopf, Sara Björg Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson og Ellen Calmon og borgarfulltrúar Framsóknarflokksins, Magnea Gná Jóhannsdóttir og Aðalsteinn Haukur Sverrisson, sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Afrit:



Reykjavík



Kjörnir fulltrúar  
Launadeild  
Skrifstofa borgarstjórnar  
Fjármála- og áhættustýringarsvið  
Regluvörður